

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 17. desember 1973

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað til að koma í veg fyrir notkun vélknúins ökutækis án leyfis

(74/61/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

kenningu og gagnkvæma viðurkenningu tækjabúnaðar og hluta vélknúinna ökutækja.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

1. gr.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽¹⁾,

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum og hönnuð fyrir hámarks hraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum, landbúnaðartækjum og vélbúnaði til opinberra verklegra framkvæmda.

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

Meðal tæknilegra krafna sem vélknúin ökutæki verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða búnað sem ætlað er að koma í veg fyrir notkun slíkra ökutækja án leyfis.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af ástæðum sem varða búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis ef þessi búnaður er í samræmi við kröfur I. viðauka.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar við gildandi reglur eða í stað þeirra, einkum til þess að sú aðferð við EBE-gerðarviðurkenningu, sem kveðið var á um í tilskipun ráðsins frá 6. febrúar 1970⁽³⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, geti átt við allar gerðir ökutækja.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu ökutækis eða að það sé skráð, tekið í notkun eða notað, af ástæðum sem tengjast búnaði til að koma í veg fyrir notkun án leyfis ef þessi búnaður er í samræmi við kröfur I. viðauka.

Að því er varðar tæknikröfurnar er ráðlegt að fylgja í grundvallaratriðum tæknikröfum sem Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu samþykkti í reglugerð nr. 18⁽⁴⁾ („Samræmd ákvæði um viðurkenningu ökutækja með tilliti til búnaðar til að koma í veg fyrir notkun vélknúins ökutækis án leyfis“) í viðauka við samkomulagið frá 20. mars 1958 um samþykkt samræmdra skilyrða fyrir viður-

4. gr.

Aðildarríki sem hefur veitt EBE-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að það verði látið vita um breytingar á hlutum eða eiginleikum sem um getur í lið 2.2 í I. viðauka. Lögbær yfirvöld í því aðildarríki skulu ákveða hvort þörf sé á nýjum prófunum á breytta ökutækinu og nýrri skýrslu. Komi í ljós við slíkar prófanir að kröfum þessarar tilskipunar hafi ekki verið fullnægt skal breytingin ekki viðurkennd.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 112, 27. 10. 1972, bls. 16.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 60, 26. 7. 1973, bls. 12.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.⁽⁴⁾ EBE, Genf, E/ECE/324 — E/ECE/TRANS/505/Rev. Add. 17.

5. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. og II. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að framfylgja tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 1973.

Fyrir hönd ráðsins,

I. NØRGAARD

forseti.

I. VIÐAUKI⁽¹⁾**GILDISSVIÐ, SKILGREININGAR, UMSÓKN UM EBE-GERÐARVIÐURKENNINGU OG FORSKRIFTIR**

1. UPPSETNING BÚNAÐAR

Öll ökutæki í flokkunum M₁ og N₁ (skilgreindir í I. viðauka við tilskipun frá 6. febrúar 1970) skulu hafa búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis. Valkvætt skal vera hvort þessi búnaður er settur í ökutæki í öðrum flokkum.

2. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

(2.1.)

2.2. „gerð ökutækis“: að því er varðar það að koma í veg fyrir notkun án leyfis, flokkur vélknúinna ökutækja sem eru ekki verulega frábrugðin með tilliti til:

2.2.1. lýsingar framleiðanda á gerð ökutækis:

2.2.2. fyrirkomulag og hönnun þess íhluta í ökutæki eða íhluta þeirra sem varnarbúnaðurinn verkar á;

2.2.3. gerð varnarbúnaðar;

2.3. „varnarbúnaður“: þeir íhlutar í heild sinni sem hannaðir eru til að koma í veg fyrir notkun ökutækis án leyfis. Varnarbúnaðurinn er gerður úr samvirkum búnaði sem kemur í veg fyrir að hreyfill sé ræstur með venjulegum ræsibúnaði og einni gerð af eftirtöldum búnaði sem er þannig gerður að hann:

— verkar á stýringu,

— verkar á gírkassa,

— verkar á gírskiptingu, eða

— kemur í veg fyrir að hreyfill gangi.

2.3.1. Búnaður sem kemur eingöngu í veg fyrir að slakað sé á hemlum ökutækis telst ekki til „varnarbúnaðar“;

(2.4.)

2.5. „stýrisbúnaður“: stjórnvölur, stýrissúla og festingar hennar, stýrisás, stýrisvél og allir aðrir íhlutar sem eiga að draga til sín orku ef stýrishjólið verður fyrir höggi.

3. UMSÓKN UM GERÐARVIÐURKENNINGU

3.1. Framleiðandi öktækis eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir ökutækisgerð með tilliti til varnarbúnaðar til að koma í veg fyrir notkun þess án leyfis.

3.2. Henni skal fylgja eftirtalin skjöl í þrítíu ásamt eftirtöldum upplýsingum:

⁽¹⁾ Texti viðaukans er nær samhljóða reglugerð nr. 18 Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og eru númer liða hin sömu; ef liður úr reglugerð nr. 18 á sér engan samsvarandi lið í þessari tilskipun eru númerin sýnd innan sviga til glöggvunar.

- 3.2.1. nákvæm lýsing á gerð ökutækis með tilliti til fyrirkomulags og hönnunar stýrisbúnaðar eða þeirra íhluta sem varnarbúnaðurinn verkar á;
- 3.2.2. nægilega nákvæmar teikningar í viðeigandi stærðarhlutföllum af varnarbúnaðinum og festingum hans við ökutækið;
- 3.2.3. tæknilýsing búnaðar.
- 3.3. Tæknipjónusta sem annast eftirlit með gerðarviðurkenningarprófum skal fá í hendur eftirfarandi:
 - 3.3.1. ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð sem á að viðurkenna, og
 - 3.3.2. að ósk tæknipjónustunnar þá íhluta ökutækis sem þjónustan telur nauðsynlega vegna eftirlitsins sem mælt er fyrir um í 5. og 6. lið.

4. EBE-GERÐARVIÐURKENNING

(4.1.)

(4.2.)

- 4.3. Vottorð sem samrýmist fyrirmyndinni sem sýnd er í II. viðauka skal fylgja með EBE-gerðarviðurkenningavottorðinu.

(4.4.)

(4.4.1.)

(4.4.2.)

(4.5.)

(4.6.)

5. ALMENNAR FORSKRIFTIR

- 5.1. Varnarbúnaðurinn skal vera þannig úr garði gerður að nauðsynlegt sé að aftengja hann:
 - 5.1.1. til að ræsa hreyfilinn með venjulegum hætti, eða
 - 5.1.2. til að aka ökutækinu eða hreyfa það áfram með eigin vélarafli.
- 5.2. Þegar búnaðurinn er tengdur skal ekki vera hægt á auðveldan hátt að aftengja þá íhluta hans sem eru nauðsynlegir til að uppfylla skilyrðin í 5.1.2 hér að framan.
- 5.3. Aðeins skal vera hægt að ræsa hreyfil og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5.1 með því að beita einum lykli í einni læsingu; að undanskildu tilvikinu sem mælt er fyrir um í 6.1.6, skal ekki vera unnt að fjarlægja lykilinn alfarið úr læsingunni nema varnarbúnaðurinn sem um getur í 5.1 hafi verið tengdur.
- 5.4. Varnarbúnaðurinn sem um getur í 5.1 hér að framan skal vera þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að aftengja hann hratt og án þess að vekja athygli né gera hann óvirkan eða eyðileggja.
- 5.5. Varnarbúnaðurinn skal festur við ökutækið sem hluti af varanlegum búnaði. Honum skal þannig komið fyrir að ekki sé hægt að taka fjarlægja hann í læstri stöðu nema með sérstökum verkfærum þótt hlíf hans hafi verið fjarlægð. Sé hægt að gera varnarbúnaðinn óvirkan með því að fjarlægja skrúfur skulu þær huldar með hluta af læsta varnarbúnaðinum nema því aðeins að um sé að ræða skrúfur sem ekki er hægt að fjarlægja.
- 5.6. Læsingin skal vera tryggilega fest við varnarbúnaðinn.

- 5.7. Læsingin sem notuð er skal hafa að minnsta kosti 1 000 mismunandi afbrigði, með öðrum orðum, lykillinn sem gengur að einni skrá má ekki ganga að fleiri en einni læsingu af 1 000 að meðaltali. Vegna ökutækja af einni gerð skal tíðni milli þess sem lykill gengur að skrá vera um það bil eitt skipti af hverjum 1 000.
- 5.8. Varnarbúnaður skal vera þannig úr garði gerður að ekki sé hætt á að hann læsist af slysi þegar ökutæki er á ferð og skapi þannig hættu.
- 5.9. Ef nauðsynlegt er að nota aðra orku en orku ökumannsins til að knýja varnarbúnaðinn má aðeins nota aukaorkuna til að knýja læsi- og opnarbúnaðinn. Varnarbúnaðinum skal eingöngu haldið í læstri eða ólæstri stöðu með vélrænum hætti.
- 5.10. Við varnarbúnaðinn má að auki tengja ytri hljóðmerkjabúnað sem verður virkur ef tilraun er gerð til að opna búnaðinn, gera hann óvirkan eða eyðileggja hann; hljóðmerkin sem gefin eru skulu vera stutt og hættu sjálfvirkt að umliðnum 30 sekúndum hið mesta og því aðeins heyrast á ný ef búnaðurinn er gerður virkur á ný. Merkin skulu einnig gefin með venjulegum viðvörunarbúnaði sem er í ökutækinu.

(5.10.1.)

(5.10.2.)

6. SÉRSTAKAR FORSKRIFTIR

Til viðbótar almennum forskriftum sem mælt er fyrir um í lið 5, sé viðvörunarbúnaðurinn af þeirri gerð sem verkar á stýrisbúnað, girskiptingu eða girkassa, skal hann uppfylla þau sérstöku skilyrði fyrir slíkar gerðir búnaðar sem lýst er hér á eftir.

6.1. Varnarbúnaður sem verkar á stýringu

- 6.1.1. Varnarbúnaður sem verkar á stýringu á að læsa honum.
- 6.1.2. Ekki á að vera unnt að læsa stýringu af vangá ef lykillinn stendur í varnarbúnaðinum, jafnvel þótt búnaðurinn sem kemur í veg fyrir að hreyfill sé ræstur hafi orðið virkur eða verið tengdur.
- 6.1.3. Ekki á að vera hægt að tengja kveikjulás til að ræsa hreyfil ökutækis sem gengur fyrir bensíni eða að ræsa hreyfil ökutækis sem gengur fyrir dísilolíu með venjulegum hætti nema lás sem verkar á stýringuna hafi verið opnaður.
- 6.1.4. Þegar varnarbúnaðurinn hefur verið tengdur má ekki undir neinum kringumstæðum vera mögulegt að koma í veg fyrir að hlaupjárníð í lásnum falli á sinn stað.
- 6.1.5. Hlaupjárníð á að falla nægilega djúpt til að tryggja að varnarbúnaðurinn virki áfram þótt hann hafi slitnað talsvert.
- 6.1.6. Sé varnarbúnaðurinn þannig úr garði gerður að hægt sé að fjarlægja lykilinn í annarri stöðu en þeirri sem stýrið læsist í skal hann vera þannig hannaður að ekki sé hægt að beita þeim stjórnökum af vangá sem nauðsynleg eru til að læstri stöðu verði náð og fjarlægja lykilinn.
- 6.1.7. Varnarbúnaðurinn á að vera nægilega sterkbyggður til að þola snúningsátak í kyrrstöðu sem nemur 19,6 mdaN og beitt er samhliða stýrisási í báðar áttir án þess að skemma stýrisbúnaðinn og skerða þannig öryggi við akstur.

6.2. Varnarbúnaður sem verkar á girskiptingu

Varnarbúnaður sem verkar á girskiptingu skal koma í veg fyrir að drifhjól ökutækis snúist.

6.3. Varnarbúnaður sem verkar á gírkassa

- 6.3.1. Varnarbúnaður sem verkar á gírkassa skal koma í veg fyrir að hægt sé að skipta um gír.
- 6.3.2. Ef um er að ræða handvirka gírkassa skal eingöngu vera hægt að læsa gírstöng í eftirtöldum stöðum: bakkgír og hlutlausum eða aðeins í bakkgír.
- 6.3.3. Ef um er að ræða sjálfvirka gírkassa skal eingöngu vera hægt að læsa þeim í „kyrrstöðu“; að auki má heimila að hægt sé að læsa gírkassa í „hlutlausri“ stöðu.

(7.)

(8.)

(9.)

(10.)

(11.)

II. VIÐAUKI

Heiti yfirvalds

FYRIRMYND

TILKYNNING VIÐVÍKJANDI GERÐARVIÐURKENNINGU
 (eða synjun eða afturköllun gerðarviðurkenningar vélknúins ökutækis vegna varnarbúnaðar gegn notkun án leyfis)

- Gerðarviðurkenningarnúmer
1. Viðskiptaheiti eða merki ökutækis
 2. Gerð ökutækis
 3. Nafn og heimilisfang framleiðanda
 4. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
 5. Stutt lýsing á viðvörunarbúnaðinum, uppsetningu hans og verkun hans á fhluta ökutækisins umfram gangsetningarbúnað hreyfils (stýrisbúnað/gírkassa/skiptingu/búnað sem hindrar gang hreyfils)⁽¹⁾
 6. Ökutækið er að auki búið hljóðmerkjabúnaði af eftirtalinni gerð
 7. Ökutæki lagt fram til gerðarviðurkenningar þann
 8. Tækniþjónustan sem annast gerðarprófun
 9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gaf út
 10. Númer skýrslu sem þjónustan gaf út
 11. Gerðarviðurkenning er veitt/ekki veitt⁽¹⁾
 12. Staður
 13. Dagsetning
 14. Undirskrift
 15. Eftirfarandi skjöl merkt ofangreindu gerðarviðurkenningarnúmeri fylgja skjali þessu:
 - teikningar, skýringamyndir og upprættir af varnarbúnaði, uppsetningu hans og verkun á fhluta ökutækisins.
 - ljósmyndir af varnarbúnaði og öðrum fhlutum sem stuðla að því að koma í veg fyrir notkun vélknúins ökutækis án leyfis.

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við